

# Píanó

## Vörðupróf I

### 1. Verk (36 einingar)

- Tvö ólík aðallög (**12 einingar hvort**) flutt með hljómsveit, undirleik kennara, hljóðrituðum eða tölvugerðum undirleik. Þyngdarstig á milli grunnprófs og miðprófs.
- Eitt lag af átta laga safnlista valið af prófdómara. Flutt eins og nefnt er hér að ofan. (**12 einingar**). Þyngdarstig á milli grunnprófs og miðsprófs.

### 2. Upprit (12 einingar)

Upprit flutt með upprunalegri hljóðritun. Þarf ekki að vera upprit nemanda, þarf ekki að vera skráð á nótur og þarf ekki að vera lært utanað.

Viðmiðunarlengd 32 taktar.

### 3. Æfing (12 einingar)

Þyngdarstig á milli grunnprófs og miðprófs

### 4. Tónstigar og hljómar (15 einingar)

Í samræmi við neðangreindar kröfur. Til prófs skal undirbúa eftirfarandi tónstiga og hljóma með þeim hætti sem mælt er fyrir um hér á eftir. Í prófinu velur prófdómari þá tónstiga og hljóma sem leiknir eru.

#### *Leikmáti og hraði*

Nemandi geti leikið:

- samstígan krómatískan tónstiga frá nótu að eigin vali, tvær áttundir með báðum höndum í einu, ein áttund á milli handa
- samstíga dúrtónstiga til og með þremur formerkjum, tvær áttundir með báðum höndum í einu, ein áttund á milli handa
- samstíga hljómhæfa molltónstiga til og með þremur formerkjum, tvær áttundir með báðum höndum í einu, ein áttund á milli handa
- tvo gagnstíga dúrtónstiga að eigin vali, tvær áttundir með báðum höndum í einu
- tvo brotna dúrþríhljóma og tvo brotna mollþríhljóma, tvær áttundir með báðum höndum í einu, sbr. dæmi á bls. 55 í aðalnámskrá; velja skal tóntegundir sem sýna mismunandi tækni
- arpeggiur í grunnstöðu í tveimur dúr- og tveimur molltóntegundum, tvær áttundir með báðum höndum og áttund á milli handa, sbr. dæmi á bls. 55 í aðalnámskrá; velja skal tóntegundir sem sýna mismunandi tækni
- djassmoll, allar tóntegundir, tvær áttundir með hægri hönd
- allar kirkjutóntegundir, tvær áttundir með hægri hönd

- blústónstiga, dúr-pentatóníska, moll-pentatóníska og mixólýdíska (b9 b13), tvær áttundir með hægri hönd
- alla maj9, moll9, 7(9) hljóma, í raddsetningu sbr. dæmi á bls. 51 í aðalnámskrá, grunntónn og sjöund í vinstri og hinar nóturnar í hægri
- II-V-I samband í tóntegndum upp að þremur formerkjum, sbr. dæmi á bls. 50 í aðalnámskrá

#### *Leikmáti og hraði*

Nemandi leiki:

- tónstiga eigi hægar en M.M. = 69, miðað við að leiknar séu sextándaþáttsnótur
- brotna þríhljóma eigi hægar en M.M. = 96, miðað við að leiknar séu áttundaþáttsnótur
- arpeggiur eigi hægar en M.M. = 66, miðað við að leiknar séu áttundaþáttsnótur í 6/8-takti
- þá tónstiga, sem einungis skulu leiknir með annarri hendi (rytmíska tónstiga), eigi hægar en M.M. = 92, miðað við að leiknar séu áttundaþáttsnótur
- tónstiga og hljóma jafnt, hiklaust, legato og utanbókar

#### **5. Val (10 einingar)**

Nemandi velji eitt eftirtalinna viðfangsefna:

- a) Leiki frumsamið verk eða eigin útsetningu.
- b) Leiki verk að eigin vali af sambærilegri þýngd og önnur 4.stigs-verkefni.
- c) Leiki verk samkvæmt klassískri námskrá af sambærilegri þýngd og önnur prófverkefni.

#### **6. Óundirbúinn nótnalestur (10 einingar)**

- a. Hefðbundinn nótnalestur (5 einingar)
- b. Lestur bókstafshljóma og spuni yfir þá (5 einingar)

#### **7. Heildarsvipur (5 einingar)**

##### **Dæmi um aðallög og ný lög á safnlista**

*Autumn leaves (Kosma)*

*Blue Bossa (Dorham)*

*There will never be another you (Warren)*

*Maiden Voyage (Hancock)*

*Misty (Garner)*

*Straight no chaser (Monk)*

*Watermelon man (Hancock)*

*Killer Joe (Golson)*

*Girl from Ipanema (Jobim)*

### Dæmi um upprit

*Horace Silver: Song for my father (Horace Silver: Song for my father)*

*Greg Phillinganes: Ruby Baby (Donald Fagen: Nightfly)*

### Dæmi um æfingar

BERTINI, HENRI Æfing í e-moll op, 29, nr. 14 Úr: Bertini: Æfingar op. 29 *Peters* eða:

First studies of Graded Pianoforte Studies, 4. stig *Associated Board*

GURLITT, CORNELIUS Æfing í F-dúr op. 51, nr. 8 Úr: Second Series of Graded

Pianoforte Studies, 4. stig *Associated Board*

---

## Vörðupróf II

### 1. Verk (36 einingar alls)

Þyngdarstig á milli miðprófs og framhaldsprófs.

- a. Tvö ólík aðallög, flutt með hljómsveit (**12 einingar hvort**).
- b. Eitt lag af 22 laga lista, flutt með hljómsveit - valið af prófdómara (**12 einingar**).

### 2. Upprit (12 einingar)

Gert af nemanda, afrit afhent prófdómara, flutt utanbókar og með upprunalegri upptöku. Viðmiðunarlengd 64 taktar.

### 3. Æfing (12 einingar)

Þyngdarstig á milli miðprófs og framhaldsprófs.

### 4. Tónstigar og hljómar (15 einingar)

Til prófs skal undirbúa eftirfarandi tónstiga og hljóma með þeim hætti sem mælt er fyrir um hér á eftir. Í prófinu velur prófdómari þá tónstiga og hljóma sem leiknir eru.

#### *Efni og leikmáti*

Nemandi geti leikið:

- samstígan krómátískan tónstiga frá hvaða nótu sem er, þrjár áttundir með báðum höndum í einu, ein áttund milli handa
- gagnstígan krómátískan tónstiga frá c' eða fí', tvær áttundir með báðum höndum í einu
- samstíga dúrtónstiga í öllum tóntegundum, þrjár áttundir með báðum höndum í einu, ein áttund milli handa
- samstíga hljómhæfa molltónstiga, í öllum tóntegundum, þrjár áttundir

- með báðum höndum í einu, ein áttund milli handa
- brotna þríhljóma í tveimur dúrtóntegundum og tveimur molltóntegundum, tvær áttundir með báðum höndum í einu, ein áttund milli handa, sbr. tónðæmi á bls. 55 í aðalnámskrá
- arpeggíur í tveimur dúrtóntegundum og tveimur molltóntegundum að eigin vali, þrjár áttundir með báðum höndum í einu, ein áttund milli handa
- eftirfarandi tónstiga með hægri hönd, tvær áttundir:
  - djassmoll
  - allar kirkjutóntegundir
  - blústónstigi, dúr-pentatónískur, moll-pentatónískur
  - mixólýdískur (b9 b13)
  - breyttur (altered)
  - lýdískur b7
  - heiltónatónstigi
  - skýrar raddsetningar á hljómunum sem prófdómari biður um, þ.m.t. hljóma með breyttum spennum
  - II-V-I og moll II-V-I hljómasambönd í öllum tóntegundum

#### *Hraði*

- Nemandi leiki
- tónstiga eigi hægar en M.M. = 76, miðað við að leiknar séu sextándaþáttsnótur
- brotna hljóma og arpeggíur eigi hægar en M.M. = 69, miðað við að leiknar séu sextándaþáttsnótur
- dúrtónstiga í samstígum þríundum með hvorri hendi fyrir sig eigi hægar en M.M. = 69 miðað við að leiknar séu áttundaþáttsnótur
- þá tónstiga sem einungis skulu leiknir með annarri hendi (rytmíska tónstiga) eigi hægar en M.M. = 108, miðað við að leiknar séu áttundaþáttsnótur
- tónstiga og hljóma jafnt, hiklaust, legato og utanbókar

#### **5. Val (10 einingar)**

Nemandi velji eitt eftirtalinna viðfangsefna:

- Leiki frumsamið verk eða eigin útsetningu.
- Leiki verk af sambærilegri þyngd og önnur prófverkefni.
- Leikið verk á annað hljóðfæri úr sömu fjölskyldu og aðalhljóðfæri.

#### **6. Óundirbúinn nótnalestur (10 einingar)**

- Hefðbundinn nótnalestur (5 einingar)
- Lestur bókstafshljóma og spuni yfir þá (5 einingar).

#### **7. Heildarsvipur (5 einingar)**

**Dæmi um aðallög og ný lög á safnlista**

*Stella by starlight (Young)*

*Confirmation (Parker)*

*Joy Spring (Brown)*

*Body and Soul (Green)*

*Wave (Jobim)*

*Oleo (Rollins)*

*Whisper not (Golson)*

*'Round Midnight (Monk)*

**Dæmi um upprit**

*Hank Jones: Beautiful Love (Hank Jones: The Oracle)*

*Larry Goldings: Dark Blue (John Scofield: Hand Jive)*

**Dæmi um æfingar**

MOSZKOWSKY, MORITS Etýða í F-dúr op. 72, nr. 6 Úr: Moszkowsky: 15 Études de Virtuosité op. 72 Schirmer

CZERNY, CARL Æfing í As-dúr op. 740, nr. 6 Úr: Czerny: Art of Finger Dexterity op. 740 Peters / Alfred Music